

HUGI GUÐMUNDSSON

# Guðspjall Maríu

*The Gospel of Mary*



Heimsfrumflutningur í Hallgrímskirkju á Listahátíð í Reykjavík mánudag 6. júní 2022, annan hvítasunnudag

LISTVINA FÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK 40. STARFSÁR - LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK  
THE REYKJAVÍK FRIENDS OF THE ARTS SOCIETY - 40<sup>TH</sup> SEASON

HUGI GUÐMUNDSSON

# GUÐSPJALL MARÍU

THE GOSPEL OF MARY

Líbrettó eftir Niels Brunse og Nilu Parly

Heimsfrumflutningur í Hallgrímskirkju  
á Listahátíð í Reykjavík  
mánudag 6. júní 2022,  
annan hvítasunnudag.

FLYTJENDUR:

Sinfóníettan í Ósló  
Schola Cantorum  
Berit Norbakken, sópran  
Kåre Nordstoga, orgel  
Hörður Áskelsson, stjórnandi

Verkið er um 60 mínútur að lengd.  
Ekkert hlé verður gert á tónleikunum.

LISTVINAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK — 40. STARFSÁR

## Um verkið

*Guðspjall Maríu* er óratória sem byggð er á samnefndum texta úr papýrushandriti frá 5. öld og er ekki hluti heilagrar ritningar. Handritið fannst ekki fyrr en seint á 19. öld en síðan hafa tvö handritsbrot fundist. Þrátt fyrir þetta er stór hluti guðspjallsins glataður. Vel má gera sér í hugarlund að slíkum texta hafi vísitandi verið leynt fyrir hinum frumkristna söfnuði. Það er vegna þess að í honum kemur fram sú róttæka túlkun að það sem Jesús kenndi hafi verið vegur til andlegrar þekkingar og vegna þess að í guðspjallinu er því hafnað að þjáningar og dauði séu vegur til eilífs lífs. Í guðspjallinu er einnig lýst nánú sambandi Maríu Magdalenu og Jesú Krists og gefið í skyn að hún hafi verið postuli. Texti þar sem konu er veittur æðri sess en lærisveinunum hefði ekki fallið í kramið meðal kirkjunnar manna í aldanna rás. Í óratóriunni eru notaðir kaflar úr Guðspjalli Maríu í enskri þýðingu eftir Karen L. King. Sömu leiðis eru í verkinu aðrir textar sem ekki eru hluti heilagrar ritningar, textar eftir kvenguðfræðinga fyrri alda og frumsamdir kórþættir eftir Niels Brunse og Nilu Parly, sem auk þess settu saman líbrettóið í heild sinni. Í hlutverki Maríu Magdalenu er sópransöngkona en kórin er í öðrum hlutverkum. Gegnum verkið ganga sem rauður þráður samskipti Maríu og lærisveinanna efagjörnu, sem eru vantrúaðir á það að Jesús hafi fyrst birst henni er hann reis upp frá dauðum. Inni á milli eru ariur með guðfræðilegum umþenkingum um Maríu, þættir þar sem kórin íhugar atburðarásina og loks hugleiðingar fyrir einleikshljóðfæri sem vekja eiga íhugun áheyrendanna sjálfra.

## Programme Notes

*The Gospel of Mary* is an oratorio based on a non-canonical text from a fifth-century papyrus codex which is popularly known by the same name. The codex was only discovered in the late nineteenth century but since then two other fragments have been found. However, a large part of the gospel is still missing. It is easy to speculate that a text of this nature had deliberately been kept away from the early Christians as it presents a radical interpretation of Jesus' teachings as a path to inner spiritual knowledge and rejects suffering and death as a path to eternal life. Furthermore, it depicts the close relationship Mary Magdalene had with Jesus and that she indeed was an Apostle. A text that gives a woman an even higher status than the disciples would not have gone down well with the Church throughout the ages. The oratorio uses parts from the Gospel of Mary in an English translation by Karen L. King. The parts are supplemented by other non-canonical texts, texts by early female theologians and original choral verses by Niels Brunse and Nila Parly, who have also compiled the whole libretto for the piece. The role of Mary Magdalene is sung by a solo soprano while the choir takes on all other roles. A clear line through the piece is the interaction between Mary and the somewhat sceptical disciples who question the fact that Jesus appeared first to her after his resurrection. This line is interspersed with arias with more theological reflections on Mary, choral verses that reflect on the narrative and lastly short "meditations" by solo instruments that allow the audience to reflect on their own.



## Frá tónskáldinu

Óratórían *Guðspjall Maríu* hefur átt sér langan aðdraganda. Hörður Áskelsson ljáði fyrst máls á því að ég skrifaði stórt kirkjulegt verk fyrir hann árið 2017 og þá leitaði hugurinn strax í þetta handrit, *Guðspjall Maríu*, sem ég hafði rekist á rúmum tíu árum áður og langaði að nýta í tónverk þegar tækifæri gæfist.

En ræturnar ná lengra aftur en það, því að á unglingsárum söng ég í Mótettukórnum og tók þátt í flutningi á stórum kirkjulegum verkum og það er án nokkurs vafa það tímabil sem mótaði mig hvað mest sem tónskáld. Það má segja að fyrstu fræ þessa verks hafi byrjað að spíra þar. Að vera núna hinum megin borðsins, sá sem semur tónlistina og fær hana flutta í Hallgrímskirkju af Herði og söngfólkinu hans, er því hálfóraunverulegt og eitthvað sem ég hefði aldrei trúað ef einhver hefði hvíslað því að mér á kóræfingunum með Mótettukórnum í gamla daga. En það má líka leika sér að því að rekja rætur verksins enn lengra aftur, til helgardaga heima hjá mömmu og pabba þegar pabbi setti tónlist eftir bróður sinn, Hafliða Hallgrímsson, á fóninn. Pabbi var lengi virkur í starfi Listvinafélagsins og því þótti mér ótrúlega vænt um það að pöntunin á verkinu var tileinkuð minningu hans. Nú, næstum tíu árum eftir andlát hans, þykir mér sérstaklega vænt um að verkið hljómi hér.

Verkið vatt fljótlega allverulega upp á sig og það er ekki síst Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Ósló og Bente Johnsrud að þakka en hún tók hugmyndinni strax ótrúlega vel og fékk hina frábæru flytjendur Sinfóníettuna í Ósló og söngkonuna Berit Norbakken með í verkefnið. Útgefandinn minn, Edition Wilhelm Hansen, fékk síðan Sinfóníettuna í Árósum í verkefnið en þau flytja verkið með Herði og Schola Cantorum í Danmörku síðar í júní og í kjölfarið verður það tekið upp af danska plötufyrirtækinu Dacapo. Listvinafélagið í Reykjavík og Listahátíð í Reykjavík hafa lyft algjöru grettistaki við að koma verkinu upp á Íslandi. Ég stend í mikilli þakkarskuld við þau.

Að lokum vil ég nefna þátt Nilu Parly og Niels Brunse, textahöfundu verksins, en ég leitaði til þeirra þegar ég uppgötvaði að handritið sem ég vildi tónsetja var ansi götótt og sá að ég yrði að fá hjálp við að móta textann. Ekki var hægt að hugsa sér betri samstarfsaðila en þau í þá vinnu.

Það er ótrúlegur heiður að fá að semja tónlist í verki af þessari stærðargráðu en eins og sjá má af upptalningunni að ofan er sá þáttur aðeins brot af því sem til þarf til að hægt sé að koma svona verkefni á laggirnar. Það eru örugglega nærri hundrað manns sem hafa lagt hönd á plóg til að þetta gæti orðið að veruleika. Mig langar að tileinka flutninginn þeim öllum!

H.G.

## From the Composer

This oratorio, *The Gospel of Mary*, has been in the making for quite some time. Hörður Áskelsson first put it to me in 2017 that I write a sacred work for him, and immediately my mind turned to a manuscript, the Gospel of Mary, that I had come across more than ten years before and had wanted to set to music when the opportunity presented itself.

The roots, however, run deeper than that. As an adolescent, I was a member of the Motet Choir and took part in performing major works of sacred music, which was, without a doubt, the part of my life that shaped me the most as a composer. One could say that the first sprouts of this work began to grow there. Being now on the other side, as the one who composes the music and has the privilege of having it performed at the Hallgrímskirkja by Hörður and his vocal forces, feels a little unreal, something I never would have believed if someone had whispered it to me during rehearsals with the Motet Choir back in the day. One could also play with the idea that the roots run even deeper than this, that they go back to quiet weekends at home with mum and dad when dad put on music by his brother, Hafliði Hallgrímsson. Dad was an active member of the Friends of the Arts Society for a long time, so it made me very happy indeed that the commissioning of this work was dedicated to his memory. Today, almost ten years after his death, I am particularly glad that the piece should be heard here.

This composition soon grew considerably in scope, in no small part thanks to the Oslo International Church Music Festival and Bente Johnsrud. She welcomed the idea at once and brought the magnificent artists of Oslo Sinfonietta and the soprano Berit Norbakken onto the project. My publisher, Edition Wilhelm Hansen, then recruited Århus Sinfonietta, who will perform the piece with Hörður and Schola Cantorum in concert in Denmark later this month. Danish label Dacapo will commit it to disc afterwards. The Reykjavík Friends of the Arts Society and the Reykjavík Arts Festival have together accomplished a great feat in bringing this work to the concert stage in Iceland. I am very much in their debt.

Finally, I would like to mention the part Nila Parly and Niels Brunse, the work's librettists, have played. I came to them when I discovered that the manuscript I wanted to set to music was patchy indeed and realized that I had to enlist someone's help in shaping the text. I could not have asked for better partners in that task.

It is an incredible honour to be allowed to compose the music for a work of this magnitude. However, as is apparent from all that I have mentioned above, that is only a small part of what is needed to bring a project of this kind to fruition. Near on a hundred people have done their bit to make this a reality. I would like to dedicate today's performance to all of them!

H.G.

# Hörður Áskelsson



Hörður Áskelsson var organisti og kantor Hallgrímskirkju í 39 ár frá 1982 til 2021. Hann flutti heim til Íslands eftir að hafa stundað kirkjutónlistarnám í Düsseldorf í Þýskalandi sem hann lauk með hæstu einkunn vorið 1981. Hann gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu listalífs í Hallgrímskirkju og við val á Klais-orgeli kirkjunnar. Hann stóð að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju (sem nú nefnist Listvinafélagið í Reykjavík), Kirkjulistahátíðar, Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju og Sálmafoss á Menningarnótt.

Árið 1982 stofnaði Hörður Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola Cantorum árið 1996. Báðir hafa kóranir verið í fremstu röð íslenskra kóra. Með þeim hefur hann flutt flest helstu kórverk sögunnar, bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann. Hörður hefur ásamt kórum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og tónlistarkeppnum á alþjóðlegum vettvangi og unnið til fjölmargra verðlauna. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu, bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kólnardómkirkju, Notre-Dame og Saint-Sulpice í París, og dómkirkjunum í Frankfurt, Brussel, Helsinki og Basel.

Tónlistarflutningur Harðar hefur oftsinnis verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á geislaflötum sem hafa hlotið frábæra dóma í íslenskum og erlendum

blöðum. Hörður hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarflytjandi ársins 2001 og Menningarverðlaun DV árið 2002, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011.

Í mars 2022 hlaut Hörður Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir árið 2021 með Mótettukórnum í flokki hópa sem flytjandi ársins á sviði sígildrar tónlistar og samtímatónlistar og í apríl hlaut hann *Liljuna*, viðurkenningu Þjóðkirkjunnar, fyrir ævistarf sitt sem kantor Hallgrímskirkju í Reykjavík og fyrir hið mikla tónlistar- og frumkvöðlastarf sitt í kirkjunni.

Hörður er nú sjálfstætt starfandi tónlistarmaður og stjórnandi kóra sinna, Mótettukórsins og Schola Cantorum, og einnig stjórnandi Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík. Hann er sömuleiðis listrænn stjórnandi Listvinafélagsins í Reykjavík.

Hörður Áskelsson was born in Akureyri in the north of Iceland in 1953. He studied music in Akureyri and Reykjavík, before moving to Düsseldorf, Germany, in 1976 to study at the Robert Schumann Hochschule. He graduated as organist and cantor in 1981 summa cum laude. After a year as organist at the Neanderkirche in Düsseldorf, Áskelsson moved to Reykjavík, where he was organist and cantor at the Hallgrímskirkja from 1982 to 2021.

In 1982, he founded the Hallgrímskirkja Motet Choir and was the initiator of the founding of the Friends of the Arts Society of Hallgrímskirkja (now Friends of the Arts Society of Reykjavík). In 1987, he established the Festival of Sacred Arts, a biannual event on the cultural scene in Iceland for more than 30 years. In 1993, Áskelsson founded the Summer Organ concert series in Hallgrímskirkja and in 1996, he founded the chamber choir Schola Cantorum, one of Iceland's most distinguished choirs. Hörður Áskelsson has received much recognition, and with his choirs he has participated in various festivals and international competitions, receiving many prizes. He has conducted many oratorios, often with the Iceland Symphony Orchestra and the Reykjavík International Baroque Orchestra, and has premiered numerous Icelandic compositions.

His performances have been recorded for radio and television and issued on several CDs. Hörður Áskelsson has also served as teacher of the organ and choir conducting at the Iceland National Church's Music School, and from 1985 to 1995 he was lecturer of liturgical music at the University of Iceland. In the year 2000, Áskelsson was music director of the events held to celebrate one thousand years of Christianity in Iceland. In 2002, he received the Icelandic Music Prize and the Culture Prize of the Reykjavík daily DV for his outstanding activities in the year 2001. He was appointed Municipal Artist of the City of Reykjavík in 2002 and received the Knight's Cross of the Icelandic Order of the Falcon in 2004. In the years 2005 to 2011, Hörður Áskelsson was Church Music Director of the National Church of Iceland. Hörður and his choirs have been nominated for the Icelandic Music Prize many times. In 2017, he won the prize for Performer of the Year with his chamber choir Schola Cantorum and in March 2022, he won the prize with the Motet Choir.



## Schola Cantorum

Kammerkórinn Schola Cantorum hefur verið mikilvirkur flytjandi tónlistar undir stjórn Harðar Áskelssonar í 25 ár. Kórinn hefur á þessum árum komið víða við en látið hvað mest að sér kveða í flutningi tónlistar frá 20. og 21. öld. Hópurinn hefur frumflutt verk eftir fjölda tónskálda og lagt áherslu á reglulegt tónleikahald og hljóðritanir.

Schola Cantorum hefur unnið með fjölmörgum listamönnum og hópum við tónleikahald og upptökur fyrir geislaflötur, sjónvarp og kvikmyndir. Má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Alþjóðlegu barokksveitina í Reykjavík (sem áður var kennd við borgina Haag), Björk, Sigur Rós, Wildbirds & Peacedrums, Hjaltalín, Tim Hecker, Ben Frost, Jóhann Jóhannsson og Kjartan Sveinsson. Þá söng kórinn tónlist Bears McCreary á upptökum fyrir tölvuleikinn *God of War* sem Sony gaf út árið 2018 og hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir. Kórinn hefur haldið áfram samstarfi við tölvuleikjarisann og er afraksturs þess að vænta bráðlega.

Schola Cantorum heldur reglulega tónleika erlendis og hefur hópurinn komið fram á virtum og vel sóttum tónlistarhátíðum, svo sem á Reykjavík Festival í boði Fílharmóníuhljómsveitar Los Angeles-borgar í Walt Disney Concert Hall árið 2017 og á tónlistarhátíðinni Culturescapes í Sviss árið 2015. Kórinn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og unnið til verðlauna í keppnum í Frakklandi og á Ítalíu. Þá var kórinn tilnefndur til

Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2007 og var valinn tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2006. Schola Cantorum var útnefndur tónlistarflytjandi ársins í flokki sígildrar tónlistar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlaunum árið 2017.

Schola Cantorum hefur sent frá sér marga geisladiska. *Meditatio* kom út á vegum BIS og hefur hlotið afar lofsamlega umfjöllun víða um heim. Söngur Schola Cantorum hljómar jafnframt á fleiri diskum frá BIS í heildarútgáfu fyrirtækisins á hljómsveitar- og kórverkum Jóns Leifs. Væntanlegur er hljómdiskur frá sömu útgáfu með hljóðritunum sem fram fóru í september árið 2021 í Skálholti.

Fram undan eru fleiri hljóðritanir og fjölbreytt tónleikahald. Kórinn mun koma fram á KLANG-tónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn í júní og flytja *The Gospel of Mary*, óratóriuna sem heimsfrumflutt verður á tónleikunum hér í dag. Kórinn flytur verkið sömuleiðis á Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Ósló í september í haust. Þá er í bígerð plata á vegum BIS með nýlegum íslenskum jólalögum. Loks má nefna fyrirhugaðan flutning á Maríuvesper eftir Claudio Monteverdi í Reykjavík, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn á næsta ári, en þeim tónleikum var frestað vegna heimsfaraldursins.

Schola Cantorum Reykjavicensis was founded in 1996 by its conductor Hörður Áskelsson, cantor at the Hallgrímskirkja in Reykjavík from 1982 to 2021. Schola Cantorum has from the very start played an important role in the Icelandic music scene with a repertoire that consists mainly of Renaissance, baroque and contemporary music, including numerous première performances of works by Icelandic composers.

Schola Cantorum has given concerts in Norway, Sweden, Finland, Italy, Spain, Germany, Switzerland, France, Japan and the United States. In 2017, Schola Cantorum was invited by the Los Angeles Philharmonic to perform four concerts at the Walt Disney Concert Hall at the *Reykjavík Festival* in Los Angeles. Upcoming concerts are scheduled at the Oslo International Church Music Festival, the KLANG Festival in Copenhagen and in France.

Schola Cantorum can be heard on many recordings, among which are the complete choral and orchestral works of Icelandic composer Jón Leifs, issued by Swedish label BIS. The choir has worked with artists such as Björk, Sigur Rós, Jóhann Jóhannsson and Swedish experimental band Wildbirds & Peacedrums. Schola Cantorum has been active within many genres; for instance, the choir performed on the soundtrack of the

action-adventure video game *God of War*, released by Sony in 2018 and 2021. Two new albums featuring the choir will be released by BIS in 2022 and 2023.

In 2007, the choir was nominated for the Nordic Council Music Prize. In 2009, it was named the Official Musical Ensemble of the City of Reykjavík. In March 2017, Schola Cantorum received the Icelandic Music Awards as the Performer of the Year. Schola Cantorum is supported by the City of Reykjavík and the Icelandic Ministry of Culture.



## Hugi Guðmundsson

Hugi Guðmundsson er eitt helsta samtímatónskáld Íslendinga og fer hróður hans í norrænu tónlistarlífi sífellt vaxandi. Hugi hefur tvisvar verið tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs, nú síðast fyrir rómaða óperu sína *Hamlet in Absentia*. Hugi lærði tónsmíðar við Tónlistarskólann í Reykjavík og Konunglegu dönsku tónlistarakadémiuna þar sem hann nam hjá Bent Sørensen, Niels Rosing-Schow og Hans Abrahamsen. Seinni meistaragráðu sinni, í raf- og tölvutónlist, lauk hann frá Institute of Sonology í Haag. Hugi er þekktur fyrir a *cappella*-verk sín en hefur einnig samið tónlist fyrir einleikshljóðfæri og hljómsveitir. Á undanförunum árum hafa meiri háttar tónverk orðið æ fyrirferðarmeiri í höfundarverki Huga, bæði tónleikaverk og óperur, og fyrir þau hefur hann hlotið ýmis verðlaun og mikið lof gagnrýnenda.

Hugi Guðmundsson is one of Iceland's most prominent contemporary composers, with his works gaining ever more ground in Scandinavian music life. He has received two nominations for the Nordic Council Music Prize, most recently for his critically acclaimed opera *Hamlet in Absentia*. Hugi Guðmundsson studied composition at the Reykjavik College of Music and the Royal Danish Academy of Music, where his teachers included Bent Sørensen, Niels Rosing-Schow and Hans Abrahamsen. He earned his second master's degree in electronic and computer music from the Institute of Sonology in The Hague. A prolific composer of a *cappella* choral works, Hugi Guðmundsson is also known for his compositions for solo instruments and various orchestral works. In recent years, major compositions have formed a growing part of Hugi Guðmundsson's output. These have been operas and works for the concert stage, which have won the composer an array of awards and garnered highly favourable reviews.



## Sinfóníettan í Ósló

Sinfóníettan í Ósló var stofnuð árið 1986 og er elsti starfandi tónlistarhópur Noregs sem fæst við samtímatónlist. Hópurinn samanstendur af sjálfstætt starfandi tónlistarfólki og meðlimum nokkurra af helstu hljómsveitum Noregs, svo sem Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Ósló, Norsku útvarpshljómsveitarinnar, hljómsveitar Norsku þjóðaróperunnar og Norsku kammersveitarinnar. Hljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi er Christian Eggen. Sinfóníettan í Ósló kemur reglulega fram á hátíðum í Noregi og erlendis og á í samstarfi við ýmis mikilvirt tónskáld. Haustið 2015 hlaut Sinfóníettan í Ósló verðlaun norskra gagnrýnenda fyrir verkefni sitt *Lachenmann!* sem frumflutt var í júní sama ár.

Oslo Sinfonietta, Norway's oldest running contemporary ensemble, was established in 1986. The ensemble is under the leadership of Christian Eggen, who is artistic director and chief conductor. Oslo Sinfonietta comprises leading freelance musicians and members from some of Norway's most prominent orchestras, including the Oslo Philharmonic Orchestra, the Norwegian Opera and Ballet Orchestra, the Norwegian Chamber Orchestra and the Norwegian Radio Orchestra. Oslo Sinfonietta is a regular guest at festivals in Norway and abroad and has collaborated with various eminent composers. The orchestra received the Norwegian Music Critics Award in the autumn of 2015 for its project *Lachenmann!*, premiered in June of that year.



## Berit Norbakken

Berit Norbakken er ein fremsta sópransöngkona Noregs. Auk þess að vera iðulega valin sem einsöngvari í óratórium, passíum og messum hefur hún haldið einsöngstónleika á ýmsum hátíðum í Noregi. Undanfarin ár hefur hún einnig komið fram í óperuuppfærslum og öðrum sviðsverkum við feiknagóðar undirtektir, nú síðast í nýrri sviðsetningu leikstjórans Calixto Bieito á Jóhannespassíu Bachs í Teatro Arriaga í Bilbao. Hún syngur reglulega einsöng með mikilvirkum hljómsveitum í stórum tónleikahúsum á borð við Óperuhúsið í Sydney og Óperuhöllina í Tókyó, meðal annars undir stjórn Roberts Kings, Daniels Reuss, Eriks Nielsens, Míkhaíls Pletnevs, Andreas Sperings, Olofs Bomans og Ottavíus Dantone.

Berit Norbakken is one of Norway's leading sopranos. She appears regularly in performances of oratorios, passions and masses, and has held solo recitals at an array of Norwegian festivals. In the past few years, she has sung opera and appeared in other works for the stage with great success, most recently in a new staging of Bach's St John Passion by director Calixto Bieito at the Teatro Arriaga in Bilbao. She appears regularly as a soloist with distinguished orchestras at major concert halls such as the Sydney Opera House and the Tokyo Opera City Concert Hall, under the baton of conductors like Robert King, Daniel Reuss, Erik Nielsen, Mikhail Pletnev, Andreas Spring, Olof Boman and Ottavio Dantone.

## Niels Brunse

Niels Brunse er rithöfundur og þýðandi. Hann hefur þýtt ríflega 200 verk úr ensku, þýsku og rússnesku á dönsku, þar á meðal fjölmörg sígild leikrit og samtímaverk, aðallega eftir Shakespeare en einnig Tsjekhov, Kleist, Pinter, Beckett, Brecht, Dürrenmatt, Tennessee Williams og fleiri. Brunse hefur skrifað skáldsögur, smásögur, söngtexta og leikverk og lauk einnig nýlega við nýja heildarþýðingu sína á leikritum Shakespeares. Hann hefur hlotið ýmis bókmenntaverðlaun, þar á meðal heiðursverðlaun Wilhelm Hansen-sjóðsins og bókmenntaverðlaun Weekendavisen.



Niels Brunse is a writer and translator. He has translated more than 200 works from English, German and Russian into Danish, including numerous classic plays and contemporary works, mostly by Shakespeare but also Chekhov, Kleist, Pinter, Beckett, Brecht, Dürrenmatt, Tennessee Williams and others. Brunse is the author of novels, short stories, libretti and stage plays and recently finished his new translation of the complete plays of Shakespeare. Niels Brunse is the recipient of various literary awards, such as the Wilhelm Hansen Foundation Award and the Weekendavisen Literary Award.

## Nila Parly

Nila Parly er rithöfundur og óperudramatúrg. Allt frá árinu 2005 hefur hún komið að ótal uppsetningum, meðal annars í Konunglegu óperunni í Kaupmannahöfn. Árið 2007 starfaði Parly sem dramatúrg að uppsetningu á *Skriftestolen* eftir Niels Marthinsen hjá Jósku óperunni en verkið hlaut Reumert-verðlaunin sama ár. Nila Parly er einnig menntuð óperusöngkona og nefndist doktorsritgerð hennar í tónlistarfræði frá Kaupmannahafnarháskóla *Raddsigarar: Kvenpersónur í verkum Richards Wagners frá Sentu til Kúndryjar*.



Nila Parly is an author and opera dramaturge. Since 2005, she has worked on a multitude of productions, most notably at the Royal Danish Opera in Copenhagen. In 2007, she served as dramaturge for a production of Niels Marthinsen's opera *Skriftestolen* at the Danish National Opera in Aarhus, which was awarded the Reumert Prize for Opera of the Year. Nila Parly studied voice and earned a doctorate in music studies from the University of Copenhagen with the dissertation *Vocal Victories: Richard Wagner's Female Characters from Senta to Kundry*.

# LÍBRETTO

## Meditation I

### Praeludium

#### Presentation

“Mary Magdalene was called His companion.

The Lord loved her more than He loved all other disciples.”<sup>i</sup>

“When He rose early on the first day of the week,

He appeared first to Mary Magdalene.”<sup>ii</sup>

#### Gospel Text I

“She said, ‘I saw the Lord in a vision,

And I said to him, ‘Lord, I saw you today in a vision.’

He answered me,

‘How wonderful you are

For not wavering at seeing me!

For where the mind is,

There is the treasure.”<sup>iii</sup>

#### Chorale I

Unwavering, with inward joy,

She reached out to the sight.

Serenity immutable

And never-ending trust

Were present, as in noontime skies

On bright and cloudless days

When the light rises

Up and beyond our gaze.

## Meditation II

*In memoriam Hallfríður Ólafsdóttir (1964–2020)*

#### Aria I: Seeking God

“Seeking God would cost very dear

If we could only do it

When we were dead to the world.

The Magdalene was not dead to the world

When she found him.”<sup>iv</sup>

## Hugleiðing I

### Forspil

#### Kynning

María Magdalena var nefnd förunautur hans og eiginkona.

Drottinn elskaði hana umfram alla aðra lærisveina.<sup>i</sup>

Þegar hann var upp risinn árla hinn fyrsta dag vikunnar

birtist hann fyrst Maríu Magdalenu.<sup>ii</sup>

#### Guðspjallstexti I

Hún sagði: Ég sá Drottin í sýn,

og ég sagði við hann: Drottinn, ég sá þig í sýn í dag.

Hann svaraði mér:

Hve undursamleg ert þú

er þú viknaðir ekki þegar þú sást mig!

Því að þar sem hugurinn er,

þar er og fjársjóðurinn.<sup>iii</sup>

#### Sálmur I

Staðföst og glöð hið innra

rétti hún hönd að fyrirburðinum.

Friðsæld og heiðrikja sem ekkert haggar

og traust sem hvergi endar

voru þar, eins og himinn á hádegi

er dagur er heiður og skír

og ljósið hefur sig upp

og hverfur sjónum okkar.

## Hugleiðing II

*Í minningu Hallfríðar Ólafsdóttur (1964–2020)*

#### Aria I: Að leita Guðs

Dýrt mundi það

ef við gætum ekki leitað Guðs

nema við værum dáið heiminum.

Konan frá Magdala var ekki dáið heiminum

þegar hún fann hann.<sup>iv</sup>

## Meditation III

### Gospel Text II

“Peter said to Mary,

‘Sister, we know that the Savior loved you

More than all other women.

Tell us the words of the Savior that you remember,

The things which you know that we don’t,

Because we haven’t heard them.’

Mary responded,

‘I will teach you

About what is hidden from you.

He told me of the soul’s ascent past the Powers.

There were seven forms.

The first form is darkness,

The second is desire,

The third is ignorance,

The fourth is zeal for death,

The fifth is the realm of the flesh,

The sixth is the foolish wisdom of the flesh,

The seventh is the wisdom of the wrathful person.

These are the seven Powers of Wrath.

They interrogated the soul,

‘Where are you coming from,

And where are you going?’

The soul replied,

‘What binds me has been slain,

And what surrounds me has been destroyed,

And my desire has been brought to an end,

And ignorance has died.

I was set loose from the chain of forgetfulness

Which exists in time.

From this hour on,

I will receive rest in silence.’<sup>v</sup>

## Meditation IV

### Chorale II

He told her of such wondrous things,

And she listened with joy.

She taught them all what he revealed

Which they had never heard.

The darkness that confronts the soul

Will fall away and cease,

When the bright daylight

Finally shines in peace.

## Hugleiðing III

### Guðspjallstexti II

Pétur sagði við Maríu:

Systir, við vitum að frelsarinn elskaði þig

umfram allar aðrar konur.

Herndu okkur þau orð frelsarans sem þú manst,

það sem þú veist en við ekki,

þar eð við höfum ekki heyrt það.

María svaraði:

Ég skal kenna ykkur

það sem er ykkur hulið.

Hann sagði mér frá uppstigningu sálarinnar yfir Máttarvöldin.

Sjö voru myndir þeirra.

Sú hin fyrsta er myrkur,

sú hin önnur er girnd,

sú hin þriðja er fákænska,

sú hin fjórða er dauðaþrá,

sú hin fimmta er holdsins ríki,

sú hin sjötta er hin heimaska holdsins spekt,

sú hin sjöunda er reiðs manns vit.

Sjö eru Máttarvöld Heiftarinnar.

Þau þrúspurðu sálina:

Hvaðan kemur þú,

hvert ferð þú?

Sálin svaraði:

Það sem bindur mig hlaut bana,

og það sem umlykur mig var knosað,

og girnd mín var slökkt,

og heimskan dó.

Ég var leyst úr fjötrum gleyskunnar

sem er tímanum bundin.

Héðan í frá

hvílist ég í þögn.<sup>v</sup>

## Hugleiðing IV

### Sálmur II

Hann sagði henni þessar dásæmdir

og hún hlustaði glöð.

Hún kenndi þeim allt sem hann opinberaði henni

og þeir höfðu aldrei heyrt.

Myrkið sem mætir sálinni

líður hjá og hverfur

þegar dagsins geislar

glitra í friði.



### Gospel Text III

“Andrew responded,  
‘Brothers, I do not believe  
That the Savior said these things.  
Indeed they are strange ideas.’  
And Peter said,  
‘Did he speak with a woman  
In private  
Without our knowing about it?  
Are we to turn around and listen to her?  
Did he choose her over us?’”<sup>vi</sup>

### Gospel Text IV

“Mary wept  
And said to Peter,  
‘What are you imagining?  
Do you think  
That I have thought up these things by myself  
Or that I am telling lies about the Savior?’  
Levi answered,  
‘Peter, you have always been wrathful.  
I see you contending against the woman.  
If the Savior made her worthy,  
Who are you to reject her?  
He knew her completely  
And loved her more than us.’”<sup>vii</sup>

### Meditation V

#### Aria II: To the Soul That Seeth

“To the soul that seeth  
That we are endlessly oned to Him in love,  
It is the most impossible that may be,  
That God should be wroth.  
For wrath and friendship be two contraries.”<sup>viii</sup>

### Gospel Text V

“They were distressed and said,  
‘How are we to preach the good news  
Of the Realm of the Child of True Humanity  
To the rest of the world?  
If they did not spare Him, how will they spare us?’  
Then Mary stood up and greeted them all.  
‘Do not weep, do not be distressed  
Nor be in doubt.  
For his grace will be with you all  
And will shelter you.  
He has united us  
And made us true Human beings.’”<sup>ix</sup>

### Guðspjallstexti III

Andrés svaraði:  
Bræður, ekki trúi ég því  
að frelsarinn hafi þetta sagt.  
Eitthvað nýstárlegt er þetta.  
Og Pétur sagði:  
Átti hann tal við konu  
einslega  
án þess að við vissum?  
Á okkur nú að hverfast hugur svo að við hlýðum henni?  
Valdi hann hana en ekki okkur?”<sup>vi</sup>

### Guðspjallstexti IV

Þá grét María  
og sagði við Pétur:  
Hvað líst þér?  
Telurðu  
að ég fari með fals af ráðnum hug  
eða að ég ljúgi um frelsarann?  
Leví svaraði:  
Lengi hefur þú bráðlyndur verið, Pétur.  
Þú deilir hart á þessa konu.  
Ef frelsarinn gerði hana verðuga sín,  
hvað átt þú með að snúa baki við henni?  
Hann þekkti hana fullkomlega  
og elskaði hana meira en okkur.”<sup>vii</sup>

### Hugleiðing V

#### Aría II: Sálinni sem sér

Sálinni sem sér  
að við erum eilíflega eitt í kærleik með honum  
virðist ómögulegast af öllu  
að Guð sé fullur heiftar.  
Því að heift og ástsemd eru andstæður.”<sup>viii</sup>

### Guðspjallstexti V

Þeim var brugðið og þeir sögðu:  
Hvernig eigum við að flytja gleðifregningina  
um ríki Barns hins sanna mannkyns  
öðrum mönnum?  
Fyrst þeir þyrmdu honum ekki, hví munu þeir þyrma okkur?  
Þá reis María á fætur og mælti til þeirra allra:  
Grátið ekki, verið ekki hugsjúkir  
og efist ekki.  
Því að náð hans verður með ykkur öllum  
og verndar ykkur.  
Hann gerði okkur eitt  
og skapaði okkur sanna menn.”<sup>ix</sup>

### Chorale III

He has united us, she said,  
We are one by his love.  
Let no one doubt, let no one weep,  
Let no distress come near.  
We see in trust and confidence  
A haven, a safe place;  
And the sight comforts,  
Heartens and grows apace.

### Gospel Text VI

“Mary turned their heart toward the Good,  
And Levi said,  
‘We should be ashamed.  
We should clothe ourselves  
With the perfect Human,  
Acquire it for ourselves as he commanded us,  
And announce the good news.’”<sup>x</sup>

### Postludium

“‘Peace be with you,’  
The Blessed One said,  
‘Acquire my peace within yourselves.’  
‘Be on your guard  
So that no one deceives you.’

‘Peace be with you,’  
The Blessed One said.  
‘For the Child of True Humanity  
Exists within you.’”<sup>xi</sup>

“Mary Magdalene was called His companion.”

‘I saw the Lord in a vision.’

- 
- |                 |  |
|-----------------|--|
| <sup>i</sup>    | The Gospel According to Philip               |
| <sup>ii</sup>   | Mark, 16, 9                                  |
| <sup>iii</sup>  | BG 8502, 7                                   |
| <sup>iv</sup>   | Teresa of Ávila                              |
| <sup>v</sup>    | BG 8502, 6 + 9, edited                       |
| <sup>vi</sup>   | BG 8502, 10 + PRyl 463, 10                   |
| <sup>vii</sup>  | BG 8502, 10 + PRyl 463, 10                   |
| <sup>viii</sup> | Julian of Norwich                            |
| <sup>ix</sup>   | BG 8502, 5 + PRyl 463, 5                     |
| <sup>x</sup>    | BG 8502, 5, 10 + POxy 3525, 5 + PRyl 463, 10 |
| <sup>xi</sup>   | BG 8502, 4, edited                           |

*Explanation of abbreviations: BG 8502 = Papyrus Berlinensis; PRyl 463 = Papyrus Rylands; POxy 3525 = Papyrus Oxyrhynchus. — See Karen L. King’s translation of the gospel in her book, The Gospel of Mary of Magdala, Polebridge Press, Santa Rosa, California, 2003, pp. 13–18.*

### Sálmur III

Hann gerði okkur eitt, sagði hún.  
Við erum eitt fyrir kærleik hans.  
Enginn efist, enginn gráti,  
eymd og nauð sé fjarri.  
Traust og tiltrú berum við  
og sjáum skjólshús og gríðastað,  
og sú sjón huggar,  
hughreystir og færast óðum nær.

### Guðspjallstexti VI

María sneri hjörtum þeirra til hins góða,  
og Leví sagði:  
Við ættum að blygðast okkar.  
Við ættum að íklæðast  
hinum fullkomna manni,  
eignast hann sjálfir eins og hann skipaði okkur  
og flytja hina góðu fregn.”<sup>x</sup>

### Eftirspil

Friður sé með ykkur,  
sagði hinn blessaði.  
Þið skuluð eignast frið minn með sjálfum ykkur.  
Verið á verði  
svo að enginn blekki ykkur.

Friður sé með ykkur,  
sagði hinn blessaði.  
Því að Barn hins sanna mannkyns  
lifir í ykkur.”<sup>xi</sup>

María Magdalena var nefnd förunautur hans og eiginkona.

Ég sá Drottin í sýn.

*Atli Freyr Steinþórsson þýddi.*

- 
- |                 |  |
|-----------------|--|
| <sup>i</sup>    | Filippusarguðspjall                        |
| <sup>ii</sup>   | Markúsarguðspjall 16.9                     |
| <sup>iii</sup>  | BG 8502.7                                  |
| <sup>iv</sup>   | Heilög Teresa af Ávila                     |
| <sup>v</sup>    | BG 8502.6 + 9, stytt                       |
| <sup>vi</sup>   | BG 8502.10 + PRyl 463.10                   |
| <sup>vii</sup>  | BG 8502.10 + PRyl 463.10                   |
| <sup>viii</sup> | Júlíana af Norwich                         |
| <sup>ix</sup>   | BG 8502.5 + PRyl 463.5                     |
| <sup>x</sup>    | BG 8502.5, 10 + POxy 3525.5 + PRyl 463, 10 |
| <sup>xi</sup>   | BG 8502.4, stytt                           |

*Leyst úr skammstöfunum: BG 8502 = Papyrus Berlinensis; PRyl 463 = Papyrus Rylands; POxy 3525 = Papyrus Oxyrhynchus. — Vísað er í þýðingu Karenar L. King á guðspjallinu sem gefin var út í bókinni The Gospel of Mary of Magdala, Polebridge Press, Santa Rosa, Kaliforníu, 2003, bls. 13–18.*

## Schola Cantorum

### Sópran

Elfa Margrét Ingvadóttir  
Fjóla Kristín Nikulásdóttir  
Jóna G. Kolbrúnardóttir  
Ragnheiður Sara Grímsdóttir  
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir

### Alt

Auður Guðjohnsen  
Halla Marinósdóttir  
Hildigunnur Einarsdóttir  
Jóhanna Ósk Valsdóttir  
Lilja Dögg Gunnarsdóttir

### Tenór

Björn Thorarensen  
Guðmundur Vignir Karlsson  
Helgi Steinar Helgason  
Þorkell Helgi Sigfússon  
Þorsteinn Freyr Sigurðarson

### Bassi

Benedikt Ingólfsson  
Björn Bjarnsteinsson  
Pétur Oddbergur Heimisson  
Philip Michael Barkhudarov  
Örn Ýmir Arason

## Sinfóníettan í Ósló

### Orgel / Organ

Kåre Nordstoga

### Flauta / Flute

Trond Magne Brekka

### Óbó / Oboe

Marie Tetzlaff

### Klarinett / Clarinet

Ingvill Hafskjöld

### Fagott / Bassoon

Embrík Snerte, fagott

### Horn / French Horn

Julius Pranevicius

### Percussion / Slagverk

Kjell Tore Innervik

### 1. fiðla / 1st Violin

Sara Övinge  
Ingvild Habbestad

### 2. fiðla / 2nd Violin

Hans Petter Mæhle  
Janina Kronberger

### Lágfiðla / Viola

Bendik Foss  
Andrés Maurette O'Brien

### Selló / Cello

Hans Josef Groh  
Ingvild Sandnes

### Kontrabassi / Double Bass

Håkon Thelin



### STJÓRN LISTVINAFÉLAGSINS Í REYKJAVÍK

Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi  
Alexandra Kjeld, formaður  
Helgi Steinar Helgason, varaformaður  
Halldór Hauksson  
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir  
Ágúst Ingi Ágústsson  
Benedikt Ingólfsson  
Halla Björgvinsdóttir  
Rósa Gísladóttir  
Inga Rós Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri

### LISTAHÁTIÐ Í REYKJAVÍK

Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi  
Fjóla Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri  
Guja Sandholt, verkefnastjóri  
Salka Guðmundsdóttir, ritstjóri  
Kara Hergils Valdimarsdóttir, kynningarstjóri

### VERKEFNAFULLTRÚAR SCHOLA CANTORUM

Benedikt Ingólfsson  
Björn Thorarensen  
Fjóla Dögg Nikulásdóttir  
Helgi Steinar Helgason  
Hildigunnur Einarsdóttir  
Lilja Dögg Gunnarsdóttir  
Rakel Edda Guðmundsdóttir



Norwegian Embassy  
Reykjavík



MUSIC NORWAY



Stjórnarráð Íslands  
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



### Sérstakar þakkir:

Bente Johnsrud, listrænn stjórnandi Alþjóðlegu kirkjutónlistarháttarinnar í Ósló  
Cecilie Stensrud, framkvæmdastjóri Sinfóníettunnar í Ósló  
Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, hönnuður  
Halldór Hauksson, textavinna og aðstoð á æfingum  
Atli Freyr Steinþórsson, umsjón efnisskrár  
Alexandra Kjeld, umsjón netmiðla  
Andrés Narfi Andrésen, sviðshönnun  
Alfreð S. Böðvarsson  
Frikirkjan í Reykjavík

Seltjarnarneskirkja  
Gistiheimilið Sunna  
Hótel Holt  
Tónmenntasjóður Þjóðkirkjunnar  
Guðmundur Vignir Karlsson  
Brian FitzGibbon  
Sinfóníuhljómsveit Íslands  
Hávarður Tryggvason  
Steef van Oosterhout  
Mótettukórinn

# FRAM UNÐAN HJÁ LISTVINAFÉLAGINU



## 14. júní 2022 kl. 20 í Frederiksberg Kirke í Kaupmannahöfn

Óratorían *The Gospel of Mary* eftir Huga Guðmundsson á KLANG FESTIVAL í samvinnu Listvinafélagsins í Reykjavík við Sinfóníettuna í Árósum. Flytjendur: Schola Cantorum, Sinfóníettan í Árósum og Berit Norbakken sópran. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Ókeypis aðgangur.

## 6. september 2022 kl. 20 í dómkirkjunni í Ósló

Óratorían *The Gospel of Mary* eftir Huga Guðmundsson á Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Ósló í samvinnu við Listvinafélagið í Reykjavík. Flytjendur: Schola Cantorum, Sinfóníettan í Ósló, Berit Norbakken sópran og Kåre Nordstoga dórmorganisti í Ósló. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðasala á [ticketmaster.no](http://ticketmaster.no).



## 25. september 2022 kl. 17 í Norðurljósum í Hörpu

Fjörutíu ára afmælistónleikar Mótettukórsins. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Fjölbreytt og hrifandi *a cappella*-tónlist fyrir kór, m.a. eftir Frank Martin, J.S. Bach, Schütz, Mendelssohn og fleiri. Miðasala á [tix.is](http://tix.is) og [harpa.is](http://harpa.is).

## 20. nóvember 2022 kl. 17 í Eldborg í Hörpu

Óratorían *Messías* eftir G.F. Händel í tilefni af fjörutíu ára afmæli Listvinafélagsins og Mótettukórsins. Flytjendur: Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík, Alex Potter kontratenór, Elmar Gilbertsson tenór, Oddur A. Jónsson bassi og sópransöngkona. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðasala á [harpa.is](http://harpa.is) og [tix.is](http://tix.is).



## 18. desember 2022 kl. 17

Jólatónleikar Mótettukórsins. Stjórnandi er Hörður Áskelsson. Miðasala á [tix.is](http://tix.is).